

Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar

Samantekt um innra mat leikskóla 2025-2026

Efnisyfirlit

- Kafli 1 Innra mat leikskóla 3
- Kafli 2 Langtímaáætlun 5
- Kafli 3 Áætlun fyrir skólaárið 10
- Kafli 4 Greinargerð um innra mat 11
- Kafli 4.1 Gæðaviðmið leikskóla 13
- Kafli 4.2 Innlit á deildir 15
- Kafli 4.3 Þroski, leikur og nám barna 16
- Kafli 4.4 Viðhorf og líðan barna 17
- Kafli 4.5 Viðhorf og líðan starfsfólks 18
- Kafli 4.6 Viðhorf foreldra 20
- Kafli 4.7 Menntastefna og stefna leikskólans 22
- Kafli 5 Umbótaáætlun 23

Samantekt

Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar,
02.09.2026

Kafli 1 Innra mat leikskóla

Inngangur

Mat á leikskólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Mat á skólastarfi er tvíþætt: Annars vegar er um að ræða mat sem skólar framkvæma sjálfir og er hér kallað innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og barnamála eða annarra aðila og er nefnt ytra mat.

Innra mat veitir einnig upplýsingar um starfshætti leikskólans, stuðlar að umbótum og auknum gæðum og er líður í þróun leikskólastarfsins. Með innra mati sést hvað gengur vel og hvað má bæta.

Leikskólastjóri ber ábyrgð á framkvæmd innra mats í leikskólanum og fylgir eftir umbótum sem byggðar eru á niðurstöðum þess. Mikilvægt er að sem flestir hagaðilar, starfsfólk, foreldrar og börn, komi að matinu með einhverjum hætti. Niðurstöður innra mats ásamt umbótaáætlun eru aðgengilegar með þessari skýrslu.

Um innra mat leikskólans

Leikskólinn notast við gæðakerfið BravoLesson við innra mat. Starfsmenn skólans vinna að sjálfsmati í minni hópum á starfsmannafundum. Hver hópur ígrundar atriðin sem lögð eru fyrir til mats hverju sinni og gefur þeim einkunnir skv. einkunnaskalanum sem fylgir gæðaviðmiðum í BRAVOLesson:

- *Framúrskarandi; Verklag öðrum til eftirbreytni, framúrskarandi á sínu sviði.
- A – Mjög gott; Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.
- B – Gott; Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
- C – Ábótavant; Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.
- D – Óviðunandi; Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

Matsteymi leikskólans fer yfir niðurstöður og kemur sér saman um eina heildareinkunn sem gefin er fyrir tiltekinn matspátt sem liggur fyrir til mats. Í matsvinnunni er aðalatriðið að styrkleikar og þeir þættir sem þarfnast úrbóta séu dregnir fram, rökstuddir og skráðir.

Starfsfólki er boðið upp á þrenn starfsmannasamtöl yfir skólaárið. Hvert samtal hefur ákveðin markmið og lykilspurningar sem stjórnandi og starfsmaður fara yfir og finna leiðir til úrbóta sé þess þörf. Almennar niðurstöður eru teknar saman, styrkleikar og umbætur lagðar fram.

Almenn foreldraviðtöl eru haldin tvisvar yfir skólaárið, annars vegar í október og hins vegar í mars/apríl. Foreldrar geta ávallt óskað eftir að hitta starfsfólk utan skipulagðra foreldraviðtala. Fyrir foreldraviðtöl fara fram skráningar á líðan og þroska barna í leikskólanum. Framfarir í þroska barna eru metnar með skipulögðum hætti í gegnum alla leikskólagöngu þeirra og eru niðurstöðurnar notaðar til að bæta skipulag og aðferðafræði leikskólans. Við leikskólann starfa talmeinafræðingur og sérkennari sem aðstoða við og útfæra mat á þroska barna ef um frávik er að ræða. Dæmi um tæki til að meta þroska barna eru: Hljóm-2, Íslenski þroskalistinn, Íslenski smábarnalistinn, Orðaskil, AEPS, TRAS, MIO og þroskalisti sem útbúinn hefur verið í leikskólanum til að skoða alhliða þroska barna. Í foreldraviðtölunum gefst foreldrum einnig tækifæri til að koma að skipulagi skólastarfsins.

Við athugun á þroska, námi og velferð barna er lögð áhersla á að skoða:

- Alhliða þroska
- Sjálfstæði
- Áhugasvið
- Þátttöku í leik úti og inni
- Félagsfærni og samkennd
- Frumkvæði og sköpunarkraft
- Tjáningu og samskipti

Þessir þættir eru lagðir til grundvallar í foreldraviðtölum. Almennar niðurstöður samtalanna eru teknar saman og styrkleikar og umbætur lagðar fram.

Í leikskólanum á hvert barn sína ferilmöppu þar sem safnað er saman verkum, verkefnum, ljósmyndaskráningum, námsgögnum og því sem hægt er að nota við mat á þroska, námi og velferð. Börnin fá einnig að velja annað sem þau vilja e.t.v. bæta í þeirra ferilmöppur. Við lok leikskólagöngu fær hvert barn sína ferilmöppu afhenta til eignar.

Brokarlamat er lagt fyrir tvo elstu árganga leikskólans. Markmið með matinu er að kanna líðan barna á miðjum vetri með því að gefa þeim tækifæri til að koma skoðunum sínum á starfi leikskólans á framfæri. Niðurstöður eru skoðaðar út frá hverjum einstaklingi, en einnig er heildarniðurstaða hópsins tekin saman og eru niðurstöður hér fyrir neðan út frá hópnum. Ef 30% barna velja fýlukall í einhverjum aðstæðum er sá þáttur skoðaður með tilliti til breytinga til að bæta líðan barna.

Kafli 2 Langtímaáætlun

Matsáætlun um innra mat

Hér fyrir neðan má finna matsáætlun leikskólans til næstu fimm ára, ásamt viðmiði á mati fyrir hvern matsþátt fyrir neðan.

Matsáætlun leikskólans

Stjórnun	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
1.1 Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi			X		
1.2 Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur			X		
1.3 Faglegt samstarf			X		
1.4 Leikskólaþróun og símenntun			X		
1.5 Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur			X		

Uppeldis- og menntastarf	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
2.1 Skipulag náms og námsaðstæður				X	
2.2 Uppeldi, menntun og starfshættir				X	
2.3 Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna				X	
2.4 Námssvið leikskólans				X	
2.5 Leikskóli án aðgreiningar / leikskóli margbreytileikans				X	
2.6 Mat á námi og velferð barna				X	

Mannauður	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
3.1 Hlutverk leikskólakennara	X				X
3.2 Framkvæmd	X				X
3.3 Umbætur	X				X

Leikskólabragur	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
4.1 Viðmót og menning		X			
4.2 Velferð og líðan barna		X			
4.3 Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	X				X
4.4 Viðhorf foreldra	X				X

Innra mat	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
5.1 Skipulag og viðfangsefni		X			
5.2 Gagnaöflun og vinnubrögð		X			
5.3 Opinber birting og umbætur		X			

Námsárangur barna	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
Foreldraviðtöl	X	X	X	X	X
Ferilmöppur	X	X	X	X	X

Viðhorf og líðan	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
Starfsánægjukönnun Skólapúlsins	X		X		X
Foreldrakönnun Skólapúlsins	X		X		X
Starfsmannasamtöl	X	X	X	X	X
Broskarlamat	X	X	X	X	X

Menntastefna og stefna leikskólans	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030

Matsþáttur:	**Viðmið á mati:**
Kynningarfundir á leikskólastarfi vetrarins fyrir foreldra að hausti	Foreldrar fái kynningu á deildarstarfi og áherslum vetrarins (deildarnámskrá / skólanámskrá). Mæting foreldra.
Foreldraviðtöl	Einstaklingsmiðað samtal um þroska, framfarir og líðan hvers barns. Helstu niðurstöður teknar saman. Tekið er mið af ábendingum um það sem betur má fara og það sett í umbótaáætlun.

Leiðbeiningasamtöl á milli deildarstjóra og starfsmanna	Einstaklingsmiðað mat. Engar niðurstöður hóps teknar saman.
Starfsmannasamtöl	Einstaklingsmiðað mat. Helstu niðurstöður teknar saman. Tekið er mið af ábendingum um það sem betur má fara og það sett í umbótaáætlun.
Starfsáætlun	Erum við að gera það sem við segjumst ætla að gera?
Símenntunaráætlun starfsmanna	Erum við að gera það sem við segjumst ætla að gera?
Gátlisti og markmið Grænfánaverkefnis	Erum við að gera það sem við segjumst ætla að gera?
Mat barna á skólastarfinu	Einstaklingsmiðað mat. Helstu niðurstöður teknar saman. Ef 30% barna velja fýlukall í einhverjum aðstæðum er sá þáttur skoðaður með tilliti til breytinga til að bæta líðan barna.
Nándarhringurinn	Einstaklingsmiðað mat. Hvaða börnum þarf ég að gefa meiri tíma / reyna að nálgast meira? Tekið fyrir á deildarfundi og brugðist við heildrænt ef einhver börn eru ekki í innsta hring hjá neinum. Hvaða börnum þarf starfsfólkið að gefa meiri tíma/nánd?
Starfsánægjukönnun Skólapúlsins / velferðar- og fræðslunefnd	Niðurstöður teknar saman. Lagðar fyrir starfsfólk. Ef niðurstöður eru marktækt verr en landsmeðaltal er þörf á umbótum. Mögulega eru gerðar umbætur á fleiri þáttum telur starfsfólk þörf á.

Foreldrakönnun skólapúlsins / velferðar- og fræðslunefnd	Niðurstöður teknar saman. Lagðar fyrir starfsfólk. Ef niðurstöður eru marktækt verri en landsmeðaltal er þörf á umbótum. Mögulega eru gerðar umbætur á fleiri þáttum telji starfsfólk þörf á.

Kafli 3 Áætlun fyrir skólaárið

Skipulag matsins fyrir yfirstandandi skólaár

Viðfangsefni	Kafli - Þáttur	Markmið	Gagnaöflun - Hvernig metið	Hvenær metið	Ábyrgð	Viðmið um árangur
Leikskólabragur	Viðmót og menning	Að starfsfólk meti leikskólabrag; viðmót og menningu	Matslisti lagður fyrir starfsfólk í minni hópum	Febrúar 2027	Leikskólastjóri	Gott verklag, flestir eða allir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
Leikskólabragur	Velferð og líðan barna	Að starfsfólk meti leikskólabrag; velferð og líðan barna	Matslisti lagður fyrir starfsfólk í minni hópum	Febrúar 2027	Leikskólastjóri	Gott verklag, flestir eða allir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
Innra mat	Skipulag og viðfangsefni	Að starfsfólk meti innra mat; skipulag og viðfangsefni	Matslisti lagður fyrir starfsfólk í minni hópum	Febrúar 2027	Leikskólastjóri	Gott verklag, flestir eða allir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
Innra mat	Gagnaöflun og vinnubrögð	Að starfsfólk meti innra mat; gagnaöflun og vinnubrögð	Matslisti lagður fyrir starfsfólk í minni hópum	Febrúar 2027	Leikskólastjóri	Gott verklag, flestir eða allir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
Innra mat	Opinber birting og umbætur	Að starfsfólk meti innra mat; opinbera birtingu og umbætur	Matslisti lagður fyrir starfsfólk í minni hópum	Febrúar 2027	Leikskólastjóri	Gott verklag, flestir eða allir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
Foreldraviðtöl	Foreldraviðtöl	Gott foreldrasamstarf. Fylgjast með þroska, framförum og líðan barna	Einstaklingsmiðað samtal um þroska, framfarir og líðan hvers barns samkvæmt foreldraviðtalsblöðum	Október/ nóvember 2026 og mars 2027	Leikskólastjóri og deildarstjórar	Helstu niðurstöður teknar saman. Tekið er mið af ábendingum um það sem betur má fara og það sett í umbótaáætlun.
Ferilmöppur	Ferilmöppur	Að varðveita minningar frá leikskólagöngunni	Gögnum (listaverkum, ljósmyndum, könnunarverkefnum) safnað yfir skólaárið og sett í ferilmöppu hvers barns	júní 2027	Deildarstjórar	Gögn komin í ferilmöppu hvers barns.

Kafli 4 Greinargerð um innra mat

Helstu niðurstöður innra matsins

Í undirköflunum hér fyrir neðan má finna niðurstöður innra mats sem fram fór í vetur. Ásamt innra mati var umbótaáætlun fylgt eftir og má sjá niðurstöður hennar hér fyrir neðan. Hægt er að lesa hvað var gert í dálkinum lengst til hægri *Viðmið um árangur.* Undir stöðu má sjá hvort umbótaþættinum sé lokið eða ekki. Ef honum er ekki lokið verður hann áfram inn í umbótaáætlun næsta skólaárs.

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hefst	Lokið	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
2.1 Skipulag náms og námsaðstæður **Deild** Leikskóli **Ábyrgð** Eyrún Jóna Reynisdóttir	Rými til að veita sérfræðiþjónustu.	Verið er að taka herbergi / leikrými inn á deildinni fyrir sérkennslu. Tekur leikrými af deildinni sem er samt reiknað inn sem leikrými. Lagfært með byggingu nýs leikskóla. Apríl 2026: Með tilkomu færanlegrar kennslustofu, Sólinni, í maí 2026 er sérkennsluherbergið ekki lengur reiknað inn sem leikrými.	30/04/2025	30/04/2026	Eyrún Jóna Reynisdóttir	Lokið	Fylgja eftir byggingu nýs leikskóla.	Verður ekki metið á þessu skólaári. Fylgt eftir með byggingu nýs leikskóla sem er á hönnunarstigi.
	Góð vinnuaðstaða fyrir starfsfólk, s.s. til undirbúnings, samráðs, funda og sérkennslu (sbr. gátlisti um skipulag húsnæðis og leik- og námsefni).	Undirbúningsherbergi alltof lítið (samræmist ekki lögum um stærð skrifstofu), engin fundaraðstaða í leikskólanum en höfum aðgengi að viðtalsherbergi í stjórnsýsluhúsi sem hefur reynst vel fyrir foreldraviðtöl, engin sérkennsluaðstaða. Lagfært með byggingu nýs leikskóla.	01/05/2025	01/05/2026	Eyrún Jóna Reynisdóttir	Lokið	Fylgja eftir byggingu nýs leikskóla.	Verður ekki metið á þessu skólaári. Starfsfólk að kalla eftir nýjum leikskóla sem er á hönnunarstigi.
	Skipulag húsnæðis ber þess merki að unnið er að góðri hljóðvist.	Höfum unnið í þessu, bætt við nýjum mottum og húsgögnum. Starfsfólk óskar eftir að fá eyra. Fylgja eftir byggingu nýs leikskóla.	01/05/2025	01/05/2026	Eyrún Jóna Reynisdóttir	Lokið	Kaup á eyra. Fylgja eftir byggingu nýs leikskóla.	Eyra hefur ekki fundist, en hljóðmælir komin á skrá fyrir fjárhagsáætlun 2027. Bygging nýs leikskóla fylgt vel eftir.
	Skipulag húsnæðis geri ráð fyrir ólíkum viðfangsefnum barna (sbr. gátlisti um skipulag húsnæðis og leik- og námsefni).	Vantar hreyfirými og sérkennslurými, sem og betri aðstöðu fyrir starfsfólk: undirbúningsrými, mötuneyti, þvottahús o.fl. Búið að skoða þessa þætti vel síðustu ár og verður lagfært með byggingu nýs leikskóla.	01/05/2025	01/05/2026	Eyrún Jóna Reynisdóttir	Lokið	Fylgja eftir byggingu nýs leikskóla.	Með tilkomu Sólarinnar er sérkennsluherbergið ekki lengur reiknað inn sem leikrými. Starfsfólk að kalla eftir nýjum leikskóla sem er á hönnunarstigi.

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hefst	Lokið	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
2.3. Leikur og nám - lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna **Deild** Leikskóli **Ábyrgð** Eyrún Jóna Reynisdóttir	Að veita börnunum frekari tækifæri til að hafa áhrif á skipulagt starf.	Að taka upp einn dag í mánuði þar sem börnin mega koma að skipulagi dagsins. Við setjumst niður með hópnum og skrifum niður þær hugmyndir sem þau hafa og sjáum hvað hægt er að framkvæma. // Ætlum að prófa frekar að leyfa börnunum að koma að hugmyndum að skipulagi í útiveru. T.d. hvað viljið þið gera/fara í útiveru í dag.	10/06/2025	29/05/2026	Eyrún Jóna Reynisdóttir	Gengur vel	Verkefni komið í fast ferli	Ekki hefur gefist færi á þessu í vetur. Innramatsteymi breytti aðeins aðgerð til umbóta og vill prófa það næsta vetur. Í vetur fengu börnin að velja ýmislegt í Náttúrufrelsi (vettvangsferðum sem farnar voru 1x í vetur).
2.4 Námssvið leikskólans **Deild** Leikskóli **Ábyrgð** Eyrún Jóna Reynisdóttir	Unnið sé markvisst að eflingu vísinda meðal barna.	Fjárfesta í meira námsefni og efnivið til að efla vísindi enn frekar.	10/06/2025	31/05/2026	Eyrún Jóna Reynisdóttir	Lokið	Hefur verið keypt inn meira námsefni tengt vísindum?	Í góðu ferli. Til að mynda var keyptur myndvarpi í vetur. Erum meðvituð að kaupa meira ef við sjáum þörf á.
Aðgerðaráætlun vegna Menntastefnu Hvalfjarðarsveitar **Deild** Leikskóli **Ábyrgð** Eyrún Jóna Reynisdóttir	Bæta okkur í skráningum í tengslum við sjálfsstyrkingu, seiglu, hugrekki og sjálfsmynd.	Skilgreina hvað einkennir hvern þátt fyrir sig og hvernig hver þáttur er metin í framhaldi s.s. með skráningu í daglegu starfi eða á annan hátt, eftir skilgreiningunni.	01/07/2025	30/10/2026	Eyrún Jóna Reynisdóttir	Í vinnslu	Er komin skilgreining hvað einkennir hvern þátt fyrir sig? Höfum við sett okkur niður hvernig hver þáttur er metin?	Önnur hugmynd: Börnin gera sjálfsmyndir á hverju ári, hafa spurningar með hvernig þau upplifa sjálfa sig í tengslum við þessa þætti.

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hefst	Lokið	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Frá síðasta ári sem ekki náðist að vinna **Deild** Leikskóli **Ábyrgð** Eyrún Jóna Reynisdóttir	Leikskólastjóri fari oftar inn á deild. Tengist börnum og starfsfólki.	Leikskólastjóri fer minna á þá deild sem hann á barn á (viljandi vegna barnsins). Leikskólastjóri skoði leiðir / gerir áætlun að fara vikulega inn á deildir á mismunandi tímum dags.	01/07/2025	01/11/2025	Eyrún Jóna Reynisdóttir	Lokið	Hefur leikskólastjóri gert sér áætlun og fylgt eftir?	Leikskólastjóri er vel inn í öllum málum barna, fundar reglulega með deildarstjórum og sérkennurum um stöðu mála á deildum. Á haustönn skráði leikskólastjóri alla viðveru sína á deildum og var að meðaltali 3 klst og 15 mín á viku inn á deildum. Leikskólastjóri heldur áfram að fylgjast með og passa upp á viðveru á hverjum degi. Kíkir á hverjum morgni inn á deildir. Skráir hjá sér að kíkja á öðrum tíma líka. Starfsfólk má alltaf biðja leikskólastjóri að koma og fylgjast með stundum eða barni/börnum/samskiptum.
	Skoða þróunaráætlun fyrir umbætur og virkni hennar þannig að starfsfólk sé vel upplýst um gang mála.	Gera þróunaráætlun fyrir umbætur og viðhald sýnilegri fyrir starfsfólk. Ágúst 2025: Viðhaldsmál + það sem er komið áfram til smiðs sett inn í deildarstjórafundargerð. Þá sér allt starfsfólk það sem er gert.	30/06/2025	01/01/2026	Eyrún Jóna Reynisdóttir	Lokið	Hvernig er þróunaráætlun fyrir umbætur og viðhald sett upp og aðgengi fyrir starfsfólk?	Viðhaldsþörf og það viðhald sem unnið er að er sett í fundargerðir deildarstjórafundar frá hausti 2025.
	Endurgjöf og hvatning í starfi.	Allir starfsmenn hvetji samstarfsmenn sína í vinnu / séu góðir vinnufélagar. Að stjórnendur geti starfsfólki endurgjöf í starfi í starfmannasamtölum og á öðrum tímum ef það hentar.	01/07/2025	01/06/2026	Eyrún Jóna Reynisdóttir	Lokið	Niðurstöður næstu starfsmannakönnunar skoðaðar.	Niðurstöður starfsánægjukönnunar Skólapúlsins sem lögð var fyrir í mars 2026 eru góðar og gefa til kynna góða stjórnun og endurgjöf og hvatningu frá þeim.

Kafli 4.1 Gæðaviðmið leikskóla

Kaflar sem voru metnir

Skólaárið 2025-2026 voru eftirfarandi gæðaviðmið metin:

3.1 Hlutverk leikskólakennara
Viðmið um gæðastarf: Leikskólakennarar skipuleggja og leiða uppeldis- og menntastarf. Þeir útfæra á faglegan hátt þá stefnu sem birtist í lögum um leikskóla og í aðalnámskrá, fylgjast með nýjungum og miðla þekkingu innan leikskólans. Þeir sjá til þess að hvert barn sé virt að verðleikum og hæfileikar þeirra og styrkleikar fái að njóta sín. Leikskólakennarar eru leiðandi samverkamenn barna, foreldra og starfsfólks. Þeir eru meðvitaðir um að vera góð fyrirmynd og leitast við að skapa góðan leikskólabrag og hvetjandi námsumhverfi. Leikskólakennarar eru vakandi fyrir þörf á stuðningi við börn og fjölskyldur. Þeir styðja foreldra og veita ráðgjöf og fræðslu þegar við á.
3.2 Fagmennska starfsfólks
Viðmið um gæðastarf: Allt starfsfólk skilur og samþykkir stefnu leikskólans og vinnur markvisst að henni. Það er samstíga, metnaðarfullt og skapandi í að finna leiðir til að ná markmiðum leikskólans. Starfsfólk rækir starf sitt af fagmennsku, alúð og samviskusemi. Það er framsækið í nálgunum sínum við uppeldi, nám og menntun barna og leitar stöðugt leiða til að gera betur. Viðhorf eru lausnamiðuð. Starfsfólk er vel að sér um leikskólastarf, réttindi barna og þarfir. Allt starfsfólk sem starfar með börnunum tekur virkan þátt í faglegri umræðu. Það leitast við að víkka út sjóndeildarhring sinn og þekkingu með margvíslegum hætti. Samvinna og samábyrgð einkennir liðsandann. Starfsfólkið ræðir starfshætti sína, deilir þekkingu sinni, veitir leiðsögn og styður hvert annað. Mat á eigin starfsháttum er hluti af daglegu starfi. Starfsfólk gætir fyllstu þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra og gætir að öruggri vörslu persónuupplýsinga.
3.3 Starfsánægja
Viðmið um gæðastarf: Starfsfólk er stolt af leikskólastarfinu og hefur trú á gæðum þess. Það er ánægt í starfi og telur hæfni sína vel nýtta. Starfsfólki finnst starf sitt mikilvægt og telur að starfsframlag þess sé metið að verðleikum innan leikskólans. Starfsfólki líður vel í starfi og upplifir sig sem hluta af starfmannahópnum. Starfsfólk leggur sitt af mörkum við að mynda góðan starfsanda. Jafnræðis og jafnréttis er gætt og starfsfólk hrósar og hvetur hvert annað. Starfsfólk er ánægt með starfsumhverfið og vinnuaðstöðu í leikskólanum.
4.3 Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun
Viðmið um gæðastarf: Allt samstarf heimila og leikskóla hefur það yfirlýsta markmið að stuðla að betri leikskóla og aukinni velferð barna. Í samstarfi við foreldra er fylgst með alhliða þroska allra barna og leitað leiða til að efla hann. Lögð er rækt við að byggja upp og viðhalda virku og góðu samstarfi við foreldra og reglulega er leitað eftir sjónarmiðum þeirra um uppeldi og nám barna þeirra. Foreldrar eru hvattir til að taka þátt í leikskólastarfinu og eru þátttakendur í umræðum um þróun, mat og umbætur og breytingar á stefnu og skólanámskrá. Foreldrar sýna leikskólastarfinu áhuga og taka virkan þátt í því. Gott og gagnkvæmt upplýsingaflæði er milli foreldra og starfsfólks, bæði með formlegum og óformlegum hætti. Foreldrar eru upplýstir um líðan og stöðu barna sinna og hafa góðan aðgang að upplýsingum um leikskólastarfið. Foreldrum er tryggð túlkaþjónusta þegar á þarf að halda til að nauðsynlegar upplýsingar komist til skila. Foreldraráð starfar við leikskólann og hefur sett sér starfsreglur. Kosið er árlega í foreldraráð og hefur leikskólastjóri frumkvæði að kosningu og starfar með ráðinu. Foreldraráð er skipað að lágmarki þremur fulltrúum foreldra. Þeir sem sitja í ráðinu eru fulltrúar umbjóðenda sinna og upplýsa þá um starfsemi ráðsins og leita eftir ábendingum.
4.4 Viðhorf foreldra
Viðmið um gæðastarf: Foreldrar eru ánægðir með leikskólastarfið og hafa trú á gæðum þess. Þeir styðja uppeldis- og menntastefnu leikskólans og eru ánægðir með hvernig unnið er að henni. Foreldrar upplifa að leikskólinn komi til móts við þarfir og réttindi barna þeirra og að líðan barnanna og aðbúnaður sé góður. Foreldrum finnst þeir vera velkomnir í leikskólann. Viðmót er gott og þeim er mætt á jafningjagrundvelli. Samskipti einkennast af trausti og gagnkvæmri virðingu. Foreldrum finnst þeir eiga hlutdeild í uppeldi og námi barna sinna í leikskólanum. Tekið er tillit til óska foreldra, ábendingum frá þeim er vel tekið og spurningum þeirra er svarað greiðlega. Samvinna og upplýsingaflæði milli heimila og leikskóla eru góð.

Niðurstöður

Styrkleikar

3.1 Hlutverk leikskólakennara

- Leikskólakennarar eru fyrirmyndir í viðmóti og samskiptum við börn.
- Leikskólakennarar bera ábyrgð á upplýsingamiðlun til foreldra.
- Leiðbeinendur á deildum fá reglulega endurgjöf og leiðsögn (s.s. í daglegu starfi og í leiðbeiningasamtölum).
- Leikskólakennarar veita foreldrum ráðgjöf og fræðslu þegar við á (s.s. varðandi uppeldi, almenna heilsu, málörvun og mikilvægi móðurmáls tvítyngdra barna).

3.2 Fagmennska starfsfólks

- Starfsfólk er ánægt með markmið og stefnu leikskólans.
- Starfsfólk er ánægt með framkvæmd stefnunnar í leikskólanum.
- Faglegur metnaður einkennir starf á deildum.
- Samstarf og samábyrgð starfsfólks innan deilda er sýnilegt.
- Farvegur er fyrir samstarf barna og starfsfólks milli deilda.

- Starfsfólk sækir símenntun.
- Starfsfólk leiðbeinir, hvetur og styður hvert annað.
- Deildarfundir eru haldnir reglulega og viðfangsefni þeirra er börnin, nám þeirra og staða.
- Deildarfundir eru vettvangur faglegra skoðanaskipta og upplýsingamiðlunar.
- Hugmyndum um nýjungar í starfsháttum er vel tekið.

3.3 Starfsánægja

- Starfsfólk er stolt af starfi sínu.
- Starfsfólk hefur trú á gæðum leikskólastarfsins.
- Starfsfólk telur hæfni sína og þekkingu vera vel nýtta í starfi.
- Starfsfólki líður vel í vinnunni.
- Starfsfólk er ánægt með starfsandann í leikskólanum.
- Starfsfólk er ánægt með samskipti í leikskólanum.
- Starfsfólk telur að jafnræðis og jafnréttis sé gætt.
- Starfsfólki er hrósað fyrir vel unnin störf.

4.3 Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun

- Áherslur í foreldrasamstarfi liggja fyrir, þ.m.t. upplýsingagjöf til foreldra.
- Allir foreldrar fá kynningu á bæklingnum Velkomin til samstarfs við upphaf leikskólagöngu barna sinna // Allir foreldrar fá senda Foreldrahandbók Skýjaborgar.
- Foreldrar taka virkan þátt í viðburðum á vegum leikskólans.
- Foreldrum eru gefin tækifæri til að fylgjast með námi barna sinna í leikskólanum.
- Reglulega er boðið upp á foreldrasamtöl.
- Túlkaþjónusta er notuð í foreldrasamtölum þegar við á.
- Starfsfólk er lausnarmiðað í samskiptum við foreldra með annað móðurmál en íslensku og nýtir fjölbreyttar leiðir til samskipta (myndir úr starfinu, upplýsingar og þýðingar á heimasíðu SFS o.fl.).
- Skipulagt verklag er í leikskólanum þegar ræða þarf við foreldra um viðkvæm mál.
- Upplýsingum er miðlað til foreldra með reglubundnum og fjölbreyttum hætti (s.s. á upplýsingatöflu, í tölvupósti og fréttabréfum).
- Heimasíða leikskólans er virk og inniheldur hagnýtar upplýsingar.
- Foreldraráð fundar reglulega og hefur sett sér starfsáætlun og vinnureglur (Foreldraráð = Skólaráð Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar).
- Fundir foreldraráðs (skólaráðs) eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir aðgengilegar á heimasíðu leikskólans.
- Allar helstu ákvarðanir er varða stefnu, leikskólahald og leikskólaþróun eru lagðar fyrir foreldraráð (skólaráð) til umsagnar.
- Foreldrafélag er starfandi við leikskólann.
- Foreldrafélag er virkur samstarfsaðili leikskólans, styður við leikskólastarfið og skipuleggur viðburði.

4.4 Viðhorf foreldra

- Foreldrar eru jákvæðir í ummælum sínum um leikskólann og frammistöðu hans.
- Foreldrar eru ánægðir með stefnu leikskólans.
- Foreldrar upplifa að markvisst sé unnið að stefnu og markmiðum leikskólans.
- Foreldrum finnst komið til móts við þarfir og réttindi barns síns.
- Foreldrar telja að barninu þeirra líði vel í leikskólanum.
- Aðbúnaður barnanna er góður að mati foreldra.
- Foreldrar eru ánægðir með samskipti og viðmót starfsfólks.
- Foreldrum finnst þeir vera velkomnir í leikskólann.
- Leitast er við að koma til móts við óskir foreldra.
- Ábendingum frá foreldrum er vel tekið.
- Spurningum foreldra er svarað greiðlega af starfsfólki.

Tækifæri til umbóta

3.3 Starfsánægja

Vinnuaðstaða er góð að mati starfsfólks: Við hlökkum til að fá nýja leikskólahúsnæðið. Við vinnum með það sem við höfum, en byggjum miklar vonir við byggingu nýs leikskóla og auðvitað mun Sólin bæta vinnuaðstöðu að miklu leyti.

Kafli 4.2 Innlit á deildir

Aðferðir sem voru nýttar

Við mat á starfi inn á deildum eru nýttar fjölbreyttar aðferðir sem stuðla að reglulegri endurskoðun og þróun starfsins.
Reglulegir deildarfundir eru mikilvægur vettvangur þar sem allir starfsmenn fá tækifæri til að leggja fram málefni til umræðu og tjá skoðanir sínar. Á fundunum er farið yfir daglegt starf, skipulag og mögulegar umbætur.
Reglulegir deildarstjórafundir eru einnig nýttir til að fara yfir stöðu mála á deildum, miðla upplýsingum og samræma verklag. Á skipulagsdögum gefst starfsfólki kostur á að rýna markvisst í starfshætti, meta árangur og vinna að frekari þróun starfsins.
Starfsmannasamtöl voru haldin þrisvar sinnum á starfsárinu og deildarstjórar áttu auk þess eitt til tvö einstaklingssamtöl við sitt starfsfólk. Í samtölunum var rætt um líðan, styrkleika, áskoranir og tækifæri til starfsþróunar.
Óformleg samskipti og almenn samtöl meðal starfsmanna eru jafnframt mikilvægur þáttur í mati á starfinu. Með reglulegri umræðu um daglegt starf skapast vettvangur fyrir endurgjöf og sameiginlega ígrundun.
Starfsfólk er duglegt við að prófa nýjar leiðir og gera breytingar þegar þörf krefur með það að markmiði að efla gæði starfsins og mæta þörfum barna, foreldra og starfsfólks sem best.

Niðurstöður

Styrkleikar

Tækifæri til umbóta

Kafli 4.3 Þroski, leikur og nám barna

Matstæki sem voru nýtt

Mat á þroska, leik og námi barna byggist á fjölbreyttum matsaðferðum sem veitir starfsfólki innsýn í stöðu og framfarir hvers barns. Niðurstöður eru nýttar til að styðja við þroska barna og efla gæði starfsins.
TRAS er fagleg athugun á málþroska ungra barna í daglegum aðstæðum. MIO er skimunarefni sem er nýtt til að meta stærðfræðiþroska barna. Eftir þörfum eru einnig lagðir fyrir Íslenski þroskalistinn, Smábarnalistinn og Orðaskil til að fá nánari upplýsingar um þroska og málfærni einstakra barna.
Á reglulegum deildarfundum er rætt um þroska, nám og líðan barna. Þar fer fram fagleg ígrundun á stöðu barnahópsins og einstakra barna með það að markmiði að laga starf og námsumhverfi að þörfum þeirra.
Sérkennsluteymi leikskólans kemur einnig að mati og eftirfylgni þeirra barna sem þurfa sérstakan stuðning. Fyrir þau börn eru gerðar einstaklingsnámskrár þar sem markmið, leiðir og framvinda náms eru skráð og metin reglulega í samstarfi við foreldra og aðra fagaðila eftir því sem við á.

Foreldraviðtöl eru mikilvægur þáttur í matsferlinu þar sem foreldrar og starfsfólk deila upplýsingum um líðan, þroska og framfarir barnsins. Með því skapast heildstæðari mynd af stöðu barnsins og tækifæri til að samræma stuðning og markmið.

Foreldraviðtöl í vetur gengu vel og var mikil ánægja með leikskólann í heild, starfsfólk, andrúmsloft og samskipti. Ánægja með mikla útiveru og Náttúrufrelsið. Ánægja með tónlistarstarf, föndur og fjölbreytni í starfi. Foreldrar ræddu einnig ánægju sína að börnin séu glöð að mæta og tali vel um leikskólann.

Í foreldraviðtölunum á haustönn áttu foreldrar að mæta með útfyllt blað um barnið sitt. Deildarstjórum fannst þeir fá góðar upplýsingar frá foreldrum og myndaðist gott spjall um áhugamál, styrkleika og óskir um áherslur í starfi. Þeim fannst foreldrar upplifa sig meira sem þátttakendur í námi barna sinna í leikskólanum og hafi eitthvað um það að segja. Á vorönn vorum við svo með ný foreldraviðtalsblöð og gekk það vel. Nýju foreldraviðtalsblöðin voru endurskoðuð eftir viðtölin til að aðlaga betur að okkar starfi.

Niðurstöður

Styrkleikar

Tækifæri til umbóta

Kafli 4.4 Viðhorf og líðan barna

Þættir sem voru metnir

Broskarlamat var lagt fyrir tvo elstu árgangana í leikskólanum í nóv/des 2025 eða 10 börn í heildina. Markmið með matinu er að kanna líðan barna á miðjum vetri með því að gefa þeim tækifæri til að koma skoðunum sínum á starfi leikskólans á framfæri.

Niðurstöður eru skoðaðar út frá hverjum einstaklingi, en einnig er heildarniðurstaða hópsins tekin saman og eru niðurstöður hér fyrir neðan út frá hópnum. Ef 30% barna velja fýlukall í einhverjum aðstæðum er sá þáttur skoðaður með tilliti til breytinga til að bæta líðan barna.

Niðurstöður

Styrkleikar

Langflestum börnunum líður vel í leikskólanum.

Börnunum líður almennt vel í vinastundum, hópastarfi, útiveru, frjálsum leik og söngstundum.

Langflestum börnunum finnst morgunmaturinn, hádegismaturinn og nónhressingin góð.

Öll börnin eiga vin á deildinni og öllum finnst gaman í deildarugli.

Tækifæri til umbóta

Skoða líðan hjá einstökum börnum í þeim stundum sem þeim líður ekki vel í.

Í skólaheimsóknum á vorönn þarf að passa upp á að upplýsa börnin fyrirfram hvað verður gert í skólaheimsóknunum; skýrleiki eykur öryggi og líðan.

Kafli 4.5 Viðhorf og líðan starfsfólks

Þættir sem voru metnir

Starfsánægjukönnun Skólapúlsins var lögð fyrir starfsfólk Skýjaborgar í mars 2026 í samstarfi við Velferðar- og fræðslunefnd Hvalfjarðarsveitar. Þetta er viðamikil könnun sem send er starfsfólki í tölvupósti og tekur um 15-30 mín að svara. Fjöldi þátttakenda var 16 og fjöldi svarenda var 15, eða svarhlutfall upp á 93,8%. Fjölmargir þættir eru metnir sem lúta að starfinu, starfsfólki, vinnustaðnum, stjórnun, uppeldi og menntun, símenntun og undirbúningstíma. Niðurstöður eru birtar með samanburði við landsmeðaltal. Tekið er sérstaklega fram ef munurinn á Skýjaborg og landsmeðaltali er tölfræðilega marktækur.

Niðurstöður

Styrkleikar

Niðurstöður könnunarinnar voru góðar. Meiri hluti svara voru með jákvæðar breytingar frá síðustu könnun sem lögð var fyrir tveimur árum. Einnig er meiri hluti svara yfir landsmeðaltali. Eftirfarandi svör voru tölfræðilega marktækt hærri en landsmeðaltal.

Skýrleiki hlutverks: Langflest starfsfólk telur væntingar og markmið í starfi sínu skýr fremur oft, mjög oft eða alltaf. Yfir 85% starfsfólks veit hvað fellur undir sína ábyrgð mjög oft eða alltaf. Allt starfsfólk veit nákvæmlega til hvers er ætlast af því í starfi fremur oft, mjög oft eða alltaf.
Jákvæðar áskoranir í starfi: Öllu starfsfólki finnst starfið sitt mikilvægt fremur oft, mjög oft eða alltaf.
Leikni í starfi: Allir eru ánægðir með færni sína til að leysa vandamál í starfi sínu fremur oft, mjög oft eða alltaf.
Stuðningur frá næsta yfirmanni: Allt starfsfólk telur sig fremur oft, mjög oft eða alltaf ef á þarf að halda, geta fengið stuðning og aðstoð frá næsta yfirmanni. Eins telja allir að næsti yfirmaður sé fús fremur oft eða mjög oft eða alltaf að hlusta á vandamál sem upp koma í vinnunni.
Stuðningur frá öðrum yfirmanni: Allt starfsfólk telur sig, ef á þarf að halda, geta fengið fremur oft, mjög oft eða alltaf stuðning og aðstoð frá öðrum yfirmanni sínum. Eins telja allir að annar yfirmaður sé fús fremur oft eða mjög oft eða alltaf að hlusta á vandamál sem upp koma í vinnunni og meti vinnuframlag þeirra að verðleikum
Valdeflandi forysta annars yfirmanns: Flestir telja annan yfirmann hvetja sig stundum, fremur oft, mjög oft eða alltaf, til að taka þátt í mikilvægum ákvörðunum. Allir telja annan yfirmann hvetja sig stundum, fremur oft, mjög oft eða alltaf, til að láta vita ef þú ert á annarri skoðun. Allir telja annan yfirmann hjálpa sér stundum, fremur oft, mjög oft eða alltaf, að auka færni sína í starfi
Trú á eigin getu við umönnun barna: Langflestir telja mjög eða nokkuð auðvelt að skilja upplifanir og tilfinningar barna. 75% telja mjög eða nokkuð auðvelt að leysa vandamál í barnahópnum með árangursríkum hætti. 83% telja mjög eða nokkuð auðvelt að styðja börn við að leysa deilur.
Trú á eigin getu við daglegt skipulag: Langflestir telja mjög eða nokkuð auðvelt að sinna hópastarfi, hvíld, frjálsum leik, samverustundum, skapandi starfi og stuðningi við börn með sérþarfir. Öllum finnst mjög eða nokkuð auðvelt að sinna útivist og samskiptum við foreldra.
Virkar samræður um starfið: 50% starfsfólks telur sig taka þátt vikulega í að ræða um hugmyndafræði og stefnu í leikskólanum, aðrir sjaldnar. 37,5% starfsfólks telur sig ræða vikulega um grunnþætti aðalnámskrár. 90% starfsfólks telur sig ræða starfshætti og aðferðir í vinnu með börnum oftar en einu sinni í viku eða vikulega. 89% starfsfólks telur sig ræða félagsfærni barna og leiðir til að efla hana oftar en einu sinni í viku eða vikulega. Allir telja sig ræða um hvernig börn læra oftar en einu sinni í viku eða vikulega. 78% starfsfólks telur sig ræða samskipti starfsfólks og barna oftar en einu sinni viku eða vikulega. 88% starfsfólks telur sig ræða um samskipti við foreldra oftar en einu sinni í viku eða vikulega. 86% starfsfólks telur sig ræða um hlutverk hvers starfsmanns oftar en einu sinni í viku eða vikulega. 67% starfsfólks telur sig ræða um stjórnun og forystu oftar en einu sinni í viku eða vikulega. 88% starfsfólks telur sig ræða um annað sem snýr að starfinu oftar en einu sinni í viku eða vikulega. 88% starfsfólks telur sig ræða um mál sem varða börn með sérþarfir oftar en einu sinni í viku eða vikulega.

Tækifæri til umbóta

Niðurstöður eftirfarandi punkta gefa okkur tækifæri til umbóta.

Vinnuálag: 57% starfsfólks telur vinnuálag stundum óreglulegt svo að verkefni hlaðist upp. 36% telur það fremur sjaldan. 71% telja sig stundum þurfa að vinna á miklum hraða og hafa of mikið að gera. Ath. lítið yfir landsmeðaltali en mikilvægt að halda áfram að passa upp á rétta mönnun.
Ánægja með vinnuaðstöðu: 64% eru mjög eða frekar óánægð með húsnæði og aðstöðu á vinnustaðnum (tölfræðilega marktækt undir landsmeðaltali). Verið að bæta við leikrými með Sólinni og nýr leikskóli í bígerð. Í samtali við starfsfólk um niðurstöður könnunar og einnig í starfsmannasamtölum er skýrt að búið að gera það sem við getum með núverandi húsnæði.
Símenntunarþörf starfsfólks: Starfsfólk var spurt út í símenntunarþörf sína varðandi ýmislegt. Mest er þörfin varðandi hegðun barna og samskipti, næst kemur c. í þessari röð: börn með sérþarfir eða sérstakan stuðning, leikskólastarf í fjölmenningarumhverfi, samstarf við foreldra, að fylgjast með þróun í menntunarfræði ungra barna, skipulagningu í daglegu starfi, skráningu og mat á þroska og námi og inntak aðalnámskrár. Við símenntunaráætlun og undirbúning fyrir skipulagsdaga: Horfa til ofantaldra þátta.

Kafli 4.6 Viðhorf foreldra

Þættir sem voru metnir

Foreldrakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir foreldra Skýjaborgar í febrúar 2026 í samstarfi við Velferðar- og fræðslunefnd Hvalfjarðarsveitar. Þetta er viðamikil könnun sem send er foreldrum í tölvupósti og tekur um 10 mín að svara. Fjöldi þátttakenda var 29 og fjöldi svarenda var 27, eða svarhlutfall upp á 93,1%. Metinn er 31 þáttur í eftirfarandi flokkum: Daglegt leikskólastarf, námsumhverfi, samskipti við foreldra, upphaf og lok leikskólagöngu, sérstakur stuðningur og sérfræðiþjónusta og opin svör.

Niðurstöður

Styrkleikar

Í heildina kemur könnunin vel út. Hér fyrir neðan má sjá helstu styrkleika leikskólans út frá könnuninni.

Ánægja með leikskólann: Allir foreldrar eru mjög eða frekar ánægð með líðan barnsins, samskipti starfsfólks við barnið, samskipti starfsfólks við sig, dagleg viðfangsefni barnsins og starfshætti sem notaðir eru við kennslu og stuðning.
Ánægja foreldra með stjórnun: Langflestir foreldrar (96%(N:1)) telja leikskólanum sé mjög eða frekar vel stjórnað.
Ánægja barnsins í leikskólanum: Langflestir foreldrar (94,8%(N:1)) telja að barninu þeirra líki almennt vel í samverustundum. Allir foreldrar telja að barninu þeirra líki almennt vel í frjálsum leik, hópastarfi og útiveru.
Hollt mataræði: 96,2% foreldrar eru mjög eða frekar sammála að barnið þeirra fái hollan og góðan mat í leikskólanum. Höfum við hækkað frá síðustu könnun og erum yfir landsmeðaltali.
Ánægja með húsnæði og aðstöðu: 88,5% foreldra eru mjög eða frekar ánægðir með húsnæði og aðstöðu. Höfum við hækkað frá síðustu könnun. Landsmeðaltal er 91,5%.
Vinnubrögð: Allir foreldrar eru mjög eða frekar sammála að barnið þeirra fái þann stuðning/hvatningu sem það þarf við námið, stuðning ef upp koma vandamál t.d. vegna hegðunar eða sérþarfa, að barnið þeirra sé hvatt til sjálfstæðis, að á deildinni séu notaðar fjölbreyttar og sýnilegar leiðir til að safna og skrá þroska- og námsferil barnanna, að flest starfsfólk virðist hæft og metnaðarfullt og barninu þeirra sé mætt á sanngjarnan hátt.
Aðstaða: Allir foreldrar eru mjög eða frekar sammála að námsumhverfi barnsins þeirra taki mið af þroska þess, að barnið hafi aðgengi að fjölbreyttum efnivið í leikjum sínum, að námsumhverfi barnsins sé öruggt, að barnið hafi næg tækifæri til að leika sér og námsumhverfi barnsins þeirra hvetji til rannsókna, sköpunar og tilrauna.
Félagsleg samskipti: Allir foreldrar eru mjög eða frekar sammála að barnið þeirra læri að bera virðingu fyrir sér og öðrum, að það fái leiðsögn um ásættanlega hegðun í ólíkum aðstæðum, fái næg tækifæri til að efla félagsfærni sína, að barnið eigi vini í leikskólanum og læri tillitsemi við aðra.
Þátttaka án aðgreiningar: Allir foreldrar eru mjög eða frekar sammála að þeir telji leikskólakennara vakandi fyrir því að öll börn tilheyri barnahópnum, að börnum af ólíkum uppruna sé mætt á sanngjarnan hátt og réttindi barna séu virt á deildinni.
Tengsl við starfsfólk leikskólans: Langflestir foreldrar (96%) eru mjög eða frekar sammála að tengsl þeirra við þá sem vinna á deild barnsins þeirra séu góð.
Heimasíða leikskólans: Langflestir foreldrar (95% n1) eru mjög eða frekar sammála að þeir telji upplýsingar á heimasíðu leikskólans gagnlegar.
Flutningur milli deilda: Allir foreldrar eru mjög eða frekar sammála að þeir séu sáttir við hvernig staðið var að flutningi barnsins þeirra á milli deilda í leikskólanum.
Í opnum svörum kom meðal annars eftirfarandi fram: Margir töluðu um gott starfsfólk. Margir töluðu um dásamlegan leikskóla, smæð hans og umhverfið. Nokkrir nefndu góða líðan barna, tónlistina, matinn og útiveru. Foreldrar eru almennt ánægðir með námsumhverfið / góð aðstaða. Foreldrar nefna ánægju með stuttar boðleiðir, skjót samskipti og viðbrögð.

Tækifæri til umbóta

Þótt niðurstöður könnunarinnar séu jákvæðar í heild sinni benda þær einnig á nokkur tækifæri til umbóta. Þau eru rakin hér að neðan.

Upplýsingamiðlun: 76% foreldra telja sig mjög eða frekar samála að þeir séu vel upplýstir um viðfangsefni sem unnið er að á deildinni. Tækifæri til umbóta: Upplýsa foreldra betur um viðfangsefni sem unnið er að á deildinni.
Þekking á stefnu og námsskrá leikskólans: 88% foreldra telja sig vel eða töluvert upplýsta um stefnu og námskrá leikskólans. *Minnkun frá 2024 þegar allir foreldrar töldu sig vel eða töluvert upplýsta, erum samt yfir landsmeðaltali (sem er 83,8%).* Tækifæri til umbóta: Skólanámskráin hefur verið í uppfærslu og var útgefin nú í mars 2026 og send á foreldra. Einnig voru deildarnámskrár uppfærðar og sendar á foreldra nú í mars. Vonandi nýta foreldrar tækifærið og lesa námskrárnar okkar. Einnig er farið yfir þessa hluti á foreldrafundum sem haldnir eru í september ár hvert.
Hvatning til þátttöku í leikskólastarfinu: 77,3% foreldra eru mjög eða frekar sammála því að þeir séu hvattir til að taka þátt í leikskólastarfinu. *Minnkun frá 2024 þegar 86,4% voru mjög eða frekar sammála, erum nú aðeins undir landsmeðaltali (sem er 82,3%).* Tækifæri til umbóta: Hvetja foreldra meira til þátttöku í skólastarfinu.
Leikskólasmáforrit: 76% foreldra eru mjög eða frekar sammála að þeir telji samskipti og upplýsingamiðlun í gegnum samskiptaforritið Karellen gagnleg. *Árið 2024 voru 95,7% foreldra mjög eða frekar sammála svo fleiri foreldrum telja nú*

samskipti og upplýsingamiðlun í gegnum karellen ekki gagnleg. Tækifæri til umbóta: Karellen er að hætta og erum að skipta yfir í Völu í þessum mánuði. Sjáum hvernig nýtt kerfi virkar.
Í opnum svörum foreldra komu fram ábendingar sem gefa tilefni til áframhaldandi þróunar og umbóta í starfi leikskólans.
Í kjölfar yfirferðar á niðurstöðum hafa eftirfarandi umbótaþættir verið skilgreindir:

- Ekki náðist að birta myndir í janúar og febrúar, en þegar hefur verið brugðist við því.
- Taka fleiri myndir af leik og starfi barna til að veita foreldrum betri innsýn í daglegt starf.
- Efla eftirfylgni með klæðnaði barna í útiveru.
- Fara yfir verklag og aðbúnað á bleyjusvæði til að tryggja gæði og öryggi.
- Tryggja regluleg upplýsingasamskipti deildarstjóra við foreldra um starf og verkefni deildarinnar.
- Ræða orðræðu, samskipti og þolinmæði í starfsmannahópnum sem lið í að efla jákvæð samskipti og starfsanda.
- Hvetja foreldra til að hafa samband við deildarstjóra símleiðis eða óska eftir fundi, þar á meðal fjarfundi, ef ekki gefst tækifæri til samtals við daglegar komur og brottfarir.

Kafli 4.7 Menntastefna og stefna leikskólans

Þættir sem voru metnir

Skýjaborg vinnur markvisst að innleiðingu Menntastefnu Hvalfjarðarsveitar með skýrum markmiðum, aðgerðum og mati á lykilsviðum skólastarfsins. Áherslan er á þátttöku og virkni, heilbrigði og velferð, jöfn tækifæri og umhverfisvitund.

Innleiðingin byggir á stöðugu sjálfsmati, matskvarða (grænt-gult-rautt) og verkefnaskrám með skýrum tímarömmum. Flest verkefni eru viðvarandi eða með markvissum lokatímamörkum á árunum 2025–2027.

Skólanámskrá Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar var uppfærð skólaárin 2023-2026 með tilliti til nýrrar Menntastefnu Hvalfjarðarsveitar, Heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og áorðnum breytingum á aðalnámskrám. Fyrri hluti skólanámskrár er sameiginlegur fyrir Heiðarskóla og Skýjaborg. Hvort stig fyrir sig gefur svo út seinni hluta. Fyrri hluti sameiginlegur og seinni hluti Skýjaborgar voru útgefnir og samþykktir í mars 2026.

Niðurstöður

Styrkleikar

Tækifæri til umbóta

Kafli 5 Umbótaáætlun

Umbótaáætlun leikskólans

Hér fyrir neðan má sjá umbótaáætlun fyrir næsta skólaár 2026-2027 sem sett hefur verið upp út frá niðurstöðum hér að framan.

Umbótaáætlun

Svið - Leikskóli

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hefst	Lokið	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
2.3. Leikur og nám - lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna **Deild** Leikskóli **Ábyrgð** Eyrún Jóna Reynisdóttir	Að veita börnunum frekari tækifæri til að hafa áhrif á skipulagt starf.	Að taka upp einn dag í mánuði þar sem börnin mega koma að skipulagi dagsins. Við setjumst niður með hópnum og skrifum niður þær hugmyndir sem þau hafa og sjáum hvað hægt er að framkvæma. // Ætlum að prófa frekar að leyfa börnunum að koma að hugmyndum að skipulagi í útiveru. T.d. hvað viljið þið gera/fara í útiveru í dag.	10/06/2025	29/01/2027	Eyrún Jóna Reynisdóttir	Gengur vel	Verkefni komið í fast ferli	Ekki hefur gefist færi á þessu í vetur. Innramatsteymi breytti aðeins aðgerð til umbóta og vill prófa það næsta vetur. Í vetur fengu börnin að velja ýmislegt í Náttúrufrelsi (vettvangsferðum sem farnar voru 1x í vetur).
3.3 Starfsánægja **Deild** Leikskóli **Ábyrgð** Eyrún Jóna Reynisdóttir	Vinnuaðstaða	Nýr leikskóli.	10/08/2026	31/08/2026	Eyrún Jóna Reynisdóttir	Í vinnslu	Nýr leikskóli í vinnslu.	Útboð nýs leikskóla farið af stað.
Aðgerðaráætlun vegna Menntastefnu Hvalfjarðarsveitar **Deild** Leikskóli **Ábyrgð** Eyrún Jóna Reynisdóttir	Aðstaða til útináms verði viðhaldið og hún bætt.	Skoða vilja starfsfólks í útinámsvinnu og vilja sveitarfélagsins til að byggja upp útiaðstöðu nær en í Álfholtsskógi. Hafa eftirfarandi spurningar að leiðarljósi til starfsmanna: Hvernig útiaðstöðu? Bamba-gróðurhús? Kartöflu- eða grænmetisgarða? Drullumall? Skógur? Annað?	01/07/2025	30/05/2026	Eyrún Jóna Reynisdóttir	Lokið	Hvernig útinámsaðstöðu vill starfsfólk? Samtal við sveitarstjórn? Framhald?	Á skólalóð við nýjan leikskóla er gert ráð fyrir drullumallsvæði og bamba-gróðurhúsi.
	Bæta okkur í skráningum í tengslum við sjálfsstyrkingu, seiglu, hugrekki og sjálfsmynd.	Skilgreina hvað einkennir hvern þátt fyrir sig og hvernig hver þáttur er metin í framhaldi s.s. með skráningu í daglegu starfi eða á annan hátt, eftir skilgreiningunni.	01/07/2025	30/10/2026	Eyrún Jóna Reynisdóttir	Í vinnslu	Er komin skilgreining hvað einkennir hvern þátt fyrir sig? Höfum við sett okkur niður hvernig hver þáttur er metin?	Önnur hugmynd: Börnin gera sjálfsmyndir á hverju ári, hafa spurningar með hvernig þau upplifa sjálfa sig í tengslum við þessa þætti.

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hefst	Lokið	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
	Skilgreina betur viðmið á mati, þannig hægt sé að skoða niðurstöður betur út frá mælanlegum árangri.	Rýnt í skráningar á deildum og/eða í kringum einstaka barn; hvað er gert í lífsleikni og þjálfun í góðum samskiptum? Setjum okkur viðmið, hvernig niðurstöðu viljum við sjá?	01/07/2025	30/10/2026	Eyrún Jóna Reynisdóttir	Í vinnslu	Hvaða skráningar fara fram í tengslum við lífsleikni og þjálfun í góðum samskiptum? Viðmið? Niðurstaða?	
	Aðstaða til útináms verði viðhaldið og hún bætt.	Ræða við sveitarstjórn varðandi göngustígagerð og undirgöng frá Melahverfi í Álfholtsskóg.	01/07/2025	30/11/2026	Eyrún Jóna Reynisdóttir	Í vinnslu	Hvaða samtal átti sér stað? Hvað var ákveðið? Hvað hefur verið gert?	
Foreldrakönnun Skólapúlsins 2026 **Deild** Leikskóli **Ábyrgð** Eyrún Jóna Reynisdóttir	Upplýsingamiðlun	Upplýsa foreldra betur um viðfangsefni sem unnið er að á deildinni	07/04/2026	30/09/2026	Eyrún Jóna Reynisdóttir	Í vinnslu	Reglulegir upplýsingapóstar frá deildarstjórum.	
	Opin svör	Taka fleiri myndir af leik og starfi barna til að veita foreldrum betri innsýn í daglegt starf (ekki eingöngu þegar eitthvað er um að vera).	07/04/2026	30/10/2026	Eyrún Jóna Reynisdóttir	Í vinnslu	Eru teknar myndir af börnum í leik og daglegu starfi?	
	Foreldrasamskipti	Hvetja foreldra meira til þátttöku í skólastarfinu	01/09/2026	30/11/2026	Eyrún Jóna Reynisdóttir	Í vinnslu	Vilja foreldrar meiri þátttöku? Í hverju helst þá? Taka umræðu á foreldrafundum í september og/eða í fyrsta foreldraviðtali í haust.	
Starfsánægjukönnun Skólapúlsins 2026 **Deild** Leikskóli **Ábyrgð** Eyrún Jóna Reynisdóttir	Símenntun	Við símenntunaráætlun og undirbúning fyrir skipulagsdaga skal horfa í þá þætti sem starfsfólk telur mest þörf á skv. niðurstöðum. Hegðun barna og samskipti - börn með sérþarfir og sérstakan stuðning - fjölmenning.	10/08/2026	28/02/2027	Eyrún Jóna Reynisdóttir	Í vinnslu	Fékk starfsfólk fræðslu á skipulagsdögum sem þörf var á skv. niðurstöðum?	